Reykjavík, 12. nóvember 2026
SFS26110010

TILLAGA

Viðtakandi: Leikskóla- og daggæsluráð
Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um leiðréttingu á skráðum fjölda barna í leikskólunum Björtuhlíð, Dalskóla, Fífuborg, Furuskógi, Holti, Jöklaborg, Reynisholti og Sólborg

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að fjölda barna í eftirtöldum leikskólum Reykjavíkurborgar verði breytt með eftirfarandi hætti:

Í Björtuhlíð er gert ráð fyrir 126 börnum sem breytist í 118 börn.
Í Dalskóla er gert ráð fyrir 185 börnum sem breytist í 166 börn.
Í Fífuborg er gert ráð fyrir 71 barni sem breytist í 68 börn.
Í Furuskógi er gert ráð fyrir 110 börnum sem breytist í 105 börn.
Í Holti er gert ráð fyrir 92 börnum sem breytist í 82 börn.
Í Jöklaborg er gert ráð fyrir 118 börnum sem breytist í 105 börn.
Í Reynisholti er gert ráð fyrir 80 börnum sem breytist í 77 börn.
Í Sólborg er gert ráð fyrir 85 börnum sem breytist í 74 börn.

Fjöldinn eftir breytingar er í samræmi við fjölda barna í viðkomandi leikskólum síðastliðin ár. Ekki er því um raunfækkun barna að ræða.

Greinargerð
Í ofangreindum leikskólum hefur hámarksfjöldi barna ekki verið fullnýttur og er hér að neðan gerð grein fyrir ástæðu í hverjum skóla fyrir sig. Ekki er verið að fækka nýtanlegum plássum heldur einungis að leiðrétta skráðan hámarksfjölda barna annars vegar eftir breytingar á húsnæði þar sem ekki var tekið tillit til hvaða áhrif þær hefðu varðandi fjölda barna út frá leikrými og hins vegar eftir að reynsla hefur komið á nýtingu nýrra leikskóla. Á árunum 2018 og 2020 var fækkun á fjölda barna alls 7% sem hluti af umbótum á starfsumhverfi leikskólakennara. Gerð var flöt 7% fækkun í öllum leikskólum en ekki farið í að skoða aðstæður á hverjum stað.

Bjartahlíð
Leikskólinn er á tveimur starfsstöðum við Grænuhlíð 24 og Stakkahlíð 19 og er sex deilda með hámarksfjölda 126 börn. Kjallara var lokað vegna innivistarvanda og verður hann ekki nýttur sem leikrými í framtíðinni. Þar með fækkaði leikfermetrum varanlega. Lagt er til að nýr hámarksfjöldi verði 118 börn frá 1. desember 2026.

Reykjavík

Dalskóli
Leikskólinn er staðsettur við Úlfarsbraut 118-122 og er tíu deilda leikskóli á tveimur starfsstöðum með hámarksfjölda fyrir 185 börn. Leikskólinn hefur starfað í húsnæðinu í nokkur ár og reynsla komin á. Þetta er fyrsta húsnæði með þessari teikningu sem hefur verið notað fyrir leikskóla. Önnur starfsstöð leikskólans er í húsnæði grunnskólans. Eðli leikskólastarfsins hefur sýnt okkur að sá fjöldi sem ákveðið var í upphafi að gæti rúmast á hvorri deild reyndist ekki henta leikskólastarfi. Breytingar voru gerðar á húsnæði til að reyna að koma til móts við þarfir leikskólans og við það reyndist heppilegt að færa hámarksfjölda barna í 166 börn og hefur leikskólinn starfað með þann fjölda síðan haustið 2022. Breyting á starfsemi samhliða breytingu á húsnæði hefur sýnt að nauðsynlegt er að halda barnafjölda í 166 börnum. Lagt er til að nýr hámarksfjöldi verði 166 börn frá 1. desember 2026.

Fífuborg
Leikskólinn er staðsettur við Fífurima 13 og er fjögurra deilda leikskóli með hámarksfjölda 71 barn. Í framkvæmdum 2024 var hluti af leikrými barna tekið undir starfsmannarými. Uppreiknað leikrými í leikskólanum er fyrir 68 börn. Lagt er til að nýr hámarksfjöldi verði 68 börn frá 1. desember 2026.

Furuskógur
Leikskólinn er á tveimur starfsstöðum við Áland og Efstaland 28 og er 6 deilda leikskóli með hámarksfjölda 110 börn. Framkvæmdir voru í húsi 2025 og deild var bætt við og salur og hluti af fataherbergi tekin undir deildina. Þessum breytingum fylgdi að leikfermetrum fækkaði. Lagt er til að nýr hámarksfjöldi verði 105 börn frá 1. desember 2026.

Holt
Leikskólinn er á tveimur starfsstöðum við Völvufell 7 og 9 og er 6 deilda leikskóli með hámarksfjölda 92 börn. Athugasemdir vinnueftirlits vegna starfsaðstæðna starfsmanna leiddu til þess að ein deild leikskólans var tekin undir starfsmannarými. Lagt er til að nýr hámarksfjöldi verði 82 börn frá 1. desember 2026.

Jöklaborg
Leikskólinn er staðsettur við Jöklasel 7 og er fimm deilda leikskóli með hámarksfjölda fyrir 118 börn. Framkvæmdir við leikskólann fóru fram árið 2019 og var þá byggt við leikskólann og rými innanhús breytt í starfsmannarými. Við breytingarnar láðist að senda inn teikningar og var skóla- og frístundasvið með rangar teikningar þegar hámarksfjöldi barna var reiknaður. Eftir óskir leikskólastjóra um endurútreikning á hámarksfjölda kom í ljós að nýju teikningarnar voru aldrei sendar inn. Leikrými barna dugar því fyrir 105 börn en ekki 118 eins og áður var gefið út. Lagt er til að nýr hámarksfjöldi verði 105 börn frá 1. desember 2026.

Reynisholt
Leikskólinn er staðsettur við Gvendargeisla 13 og er fjögurra deilda leikskóli með hámarksfjölda fyrir 80 börn. Byggt var við leikskólann 2008 og bættist ein deild við húsnæðið. Að ósk leikskólastjóra var leikrými barna endurskoðað og kom í ljós að sameiginleg rými voru ranglega reiknuð og því var gert ráð fyrir of mörgum börnum út frá leikrými barna. Lagt er til að hámarksfjöldi verði 77 börn frá 1. desember 2026.

Sólborg
Leikskólinn er staðsettur við Vesturhlíð 1 og er fjögurra deilda leikskóli með hámarksfjölda fyrir 85 börn. Sólborg er sérhæfður leikskóli fyrir heyrnarskert börn sem leggur áherslu á að kenna íslenska táknmálið. Þar er mikill fjöldi barna sem njóta stuðnings og fylgir því meiri fjöldi starfsfólks. Yngstu deildinni var breytt í vinnuherbergi og sérkennslurými fyrir börn sem þurfa mikið næði. Því fækkaði leikfermetrum. Lagt er til að hámarksfjöldi verði 74 börn frá 1. desember 2026.

Samantekt	**Núverandi**	**Tillaga**	**Lækkun**
Bjartahlíð	126 börn	118 börn	8 börn
Dalskóli	185 börn	166 börn	19 börn
Fífuborg	71 barn	68 börn	3 börn
Furuskógur	110 börn	105 börn	5 börn
Holt	92 börn	82 börn	10 börn
Jöklaborg	118 börn	105 börn	13 börn
Reynisholt	80 börn	77 börn	3 börn
Sólborg	85 börn	74 börn	11 börn
Samtals			72 börn